

Umboðsmaður skuldara
07 341

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Umboðsmaður skuldara

kt. 660710-1080

Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umboðsmaður skuldara er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um umboðsmann skuldara nr. 100/2010.

Verkefni stofnunarinnar byggja á lögum um greiðsluaðlögun nr. 101/2010 og lögum nr. 9/2014 um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Einnig að gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á og veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar m.a. með milligöngu um samskipti og samninga við lánardrotna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 356,9 milljónir og afkoma kr. 14,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 31,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 81,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umboðsmanns skuldara fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	352.300.000	327.800.000
Seld þjónusta		0	240.666
Framlög og ýmsar tekjur	3	2.208.750	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	2.423.941	1.978.408
Tekjur samtals		356.932.691	330.019.074
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	4	7.642.000	5.200.000
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	246.161.433	208.337.487
Annar rekstrarkostnaður	6	86.549.423	105.915.617
Afskriftir og niðurfærslur	7	2.423.941	1.978.408
Gjöld samtals		342.776.797	321.431.512
Afkoma fyrir fjármagnsliði		14.155.894	8.587.562
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.079)	0
		(1.079)	0
Afkoma ársins		14.154.815	8.587.562
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(9.303.185)	(16.212.438)
Rekstrartilfærslur		23.458.000	24.800.000
Fjármagnstilfærslur		0	0
		14.154.815	8.587.562

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Handbært fé		1.724.582	977.427
Viðskiptakröfur		0	985.000
Tengdir aðilar	8	71.844.869	74.797.139
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	7.757.790	8.033.592
Eignir samtals		81.327.241	84.793.158
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	326.113	31.024.008
Viðskiptaskuldir		6.226.250	17.826.596
Ýmsar skammtímaskuldir	10	40.879.060	15.077.610
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	2.493.926	3.617.867
Skuldir samtals		49.925.349	67.546.081
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		31.401.892	17.247.077
Eigið fé	12		
Hrein eign		31.401.892	17.247.077
Eigið fé samtals		31.401.892	17.247.077
Eigið fé og skuldir samtals		81.327.241	84.793.158
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		14.154.815	8.587.562
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	2.423.941	1.978.408
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.423.941)	(1.978.408)
		<u>14.154.815</u>	<u>8.587.562</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		985.000	(839.662)
Tengdir aðilar		(28.593.764)	(18.782.879)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>14.201.104</u>	<u>9.260.651</u>
		(13.407.660)	(10.361.890)
		<u>747.155</u>	<u>(1.774.328)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(2.148.139)	(6.026.155)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	1.035.000
		<u>(2.148.139)</u>	<u>(4.991.155)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		848.139	3.791.155
Fjárfestingarframlag		<u>1.300.000</u>	<u>1.200.000</u>
		2.148.139	4.991.155
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		<u>747.155</u>	<u>(1.774.328)</u>
		977.427	2.751.755
Handbært fé í árslok		<u><u>1.724.582</u></u>	<u><u>977.427</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	313.800.000	31.100.000	1.300.000	346.200.000
Fjáraukalög	0	0	0	0
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	313.800.000	31.100.000	1.300.000	346.200.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda				
Launabætur	7.400.000	0	0	7.400.000
Fjárveiting ársins	321.200.000	31.100.000	1.300.000	353.600.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	(7.552.923)	24.800.000	(4.415.725)	12.831.352
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	24.800.000	(24.800.000)	0	0
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	338.447.077	31.100.000	(3.115.725)	366.431.352
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(330.503.185)	(7.642.000)	(2.148.139)	(340.293.324)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	7.943.892	23.458.000	(5.263.864)	26.138.028
Breytingar vegna árslokastöðu 2023	0	0	0	0
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	7.943.892	23.458.000	(5.263.864)	26.138.028

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	352.300.000	327.800.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.423.941	1.978.408
	354.723.941	329.778.408

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	313.800.000	31.100.000	0	344.900.000
Launabætur	7.400.000	0	0	7.400.000
Fjárveiting til tekna	321.200.000	31.100.000	0	352.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(330.503.185)	(7.642.000)	0	(338.145.185)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(9.303.185)	23.458.000	0	14.154.815

	2024	2023
3 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	2.208.750	0
	2.208.750	0

4 Framlög og tilfærslur		
Rekstrartilfærslur aðrir	7.642.000	5.200.000
	7.642.000	5.200.000

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	193.584.478	168.308.001
Orlof, breyting	3.854.912	108.337
Launatengd gjöld	44.142.669	38.599.630
Starfsmannakostnaður	4.579.374	1.321.519
	246.161.433	208.337.487
Meðalfjöldi stöðugilda	16,0	13,7

	2024	2023
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	398.301	229.467
Ýmis tæki og áhöld	363.769	269.113
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	7.311
Orkugjafir	0	9.238
Matvæli	8.263.241	4.702.185
Almennar rekstrarvörur	88.693	184.902
Vörukaup, almenn	9.114.004	5.628.966
Fundir, námskeið, risna	2.473.807	538.001
Ferðir, uppihald	110.490	0
Akstur	29.857	107.208
Sérfræðipjónusta	25.380.067	44.002.872
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	21.080	29.009
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	553.487	14.214.262
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.341.982	1.699.355
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	29.910.770	60.590.707

Skýringar

	2024	2023
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Samningsbundin kaup og leiga	0	0
Afnotagjöld	17.627.137	14.462.821
Leigugjöld	24.269.989	19.301.538
Verkkaup	5.627.523	4.542.192
Kostnaðarhlutdeild	0	1.389.393
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	47.524.649	39.695.944
Annar rekstrarkostnaður samtals	86.549.423	105.915.617

	2024	2023
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.423.941	1.653.798
Sölutap og úreltar eignir	0	324.610
	2.423.941	1.978.408

	31.12.2024	31.12.2023
8 Tengdir aðilar		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	71.844.869	74.797.139
Aðrir ríkisaðilar	0	0
	71.844.869	74.797.139

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	326.113	31.024.008
	326.113	31.024.008

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	7.757.790	8.033.592
	7.757.790	8.033.592

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	19.368.014	0	0	0	19.368.014
Viðbætur á árinu	2.148.139	0	0	0	2.148.139
	21.516.153	0	0	0	21.516.153
Afskriftir 01.01.2024	11.334.422	0	0	0	11.334.422
Afskrift ársins	2.423.941	0	0	0	2.423.941
	13.758.363	0	0	0	13.758.363
Staða 31.12.2024	7.757.790	0	0	0	7.757.790

Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
10 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	18.927.060	15.072.148
Önnur ógreidd gjöld	21.952.000	5.462
	<u>40.879.060</u>	<u>15.077.610</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	7.757.790	8.033.592
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	<u>(5.263.864)</u>	<u>(4.415.725)</u>
	<u>2.493.926</u>	<u>3.617.867</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	8.033.592	(4.415.725)	3.617.867
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.300.000	1.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.148.139	(2.148.139)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(2.423.941)</u>	<u>0</u>	<u>(2.423.941)</u>
	<u>7.757.790</u>	<u>(5.263.864)</u>	<u>2.493.926</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 1,9 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	17.247.077	8.659.515
Afkoma ársins	<u>14.154.815</u>	<u>8.587.562</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>31.401.892</u>	<u>17.247.077</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og einnig ýmsa aðra samninga s.s. þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 34,8 milljónum og vegna annara samninga kr. 43,4 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.